

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

1

7. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt 31. gr. laga nr. 67 1947, um eignakönnun, er skylt að skrá allar innstæður í bönkum og lánsstofnunum. Mikill fjöldi þessara innstæðna er svo óverulegur að upphæð, að skráning þeirra getur ekki talizt hafa þýðingu í sambandi við eignakönnunina almennt. Hins vegar veldur hún miklum töfum og fyrirhöfn fyrir alla aðila. Telur fjármálaráðherra því brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði bráðabirgðalög um breyting á fyrrgreindum lögum að þessu leyti.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 1944, á þessa leið:

1. gr.

Niðurlag 1. málsgreinar 31. gr. laga nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun, orðist á þessa leið:

Þetta tekur þó ekki til inneigna lánsstofnana hverrar hjá annarri, né heldur til sparisjóðsinnstæðna, annarra en á ávisanabókum, er nema 200 kr. eða lægri fjárhæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. janúar 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

2

16. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Komið hefur í ljós, að ákvæði VII. kafla laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, er varða söluskatt af umboðssölu, eru lítt framkvæmanleg og hafa allverulegan kostnað og óþægindi í för með sér. Auk þess virðast ákveðin um að undanþiggja ríkisstofnanir söluskatti geta leitt til þess að misjafnt verðlag gæti skapast á sömu vörutegundum víðs vegar á landinu, eftir því hvort um væri að ræða ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki.

Af framangreindum ástæðum telur fjármálaráðherrann brýna nauðsyn bera til, að sett verði bráðabirgðalög um breyting á fyrrgreindum lögum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið: